



Deiliskipulagsuppráttur í kvarðanum 1:1.800



Skýringarteikning A í kvarðanum 1:700

- | | | | |
|---------------------|------------------------|--|-----------------------------|
| | Vatn/á | | Mörk deiliskipulags |
| | Skógrækt | | Byggingarreitur |
| | Gönguslóð, stikuð | | Hæðalínur |
| | Gangstígur, uppbyggður | | Fallhætta |
| | Brú | | Landmótun |
| | Útsýnissvæði | | Akstursvegur |
| - M: Miðásgljúfur | | | Minjar, línur |
| - V: Vondásfoss | | | Minjar, punktar |
| - Nf: Nykurhlysfoss | | | Minjar, nr. í fornminjaskrá |
| - N: Nykurhylur | | | |

Skipulagsgögn
 Skipulagsuppráttur dagsettur 09.05.2019
 Greinagerð (sérrit) dagsett Maí 2019



Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð skv. ákvæðum 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Djúfavogshrepps þann _____.

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

BR.	DAGS.	BREYTING	TEIKN.
Áningarstaður í Fossárvík			
<i>Tillaga að deiliskipulagi</i>			
Mælikv. 1:1800/1:700 (A1)	Dags: 09.05.2019	Skipulag: SV, AKS Teiknað: SV, AKS	
Teiknistofan AKS		Teiknistofan AKS Lyngás 11 s. 471-3002 700 Egilsstaðir teiknistofan@aks.is	

ÁNINGARSTAÐUR Í FOSSÁRVÍK

DJÚPAVOGSHREPPUR

Deiliskipulag

Greinargerð til kynningar

Maí 2019



Teiknistofan

AKS

Samþykktir

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Forsendur	4
2.1.	Staðhættir	4
2.2.	Skipulagssvæðið	6
2.3.	Skipulagsleg staða og gildandi áætlanir	7
2.4.	Menningarminjar	9
2.5.	Samgöngur og umferð ferðamanna.....	11
3.	Deiliskipulagstillaga	13
3.1.	Markmið og áherslur.....	13
3.2.	Gögn deiliskipulagsins	13
3.3.	Minjar	13
3.4.	Gróður	13
3.5.	Bílastæði.....	14
3.6.	Þjónustuaðstaða	14
3.7.	Stígar og leiðir	15
3.8.	Útsýnissvæði	17
3.9.	Skilti og merkingar	19
3.10.	Efnisval	20
3.11.	Veitur.....	20
3.12.	Verkáfangar	21
4.	Umhverfisáhrif	22
5.	Skipulagsferli	22
5.1.	Samráð og kynning.....	22
5.2.	Tímaáætlun	23

1. Inngangur

Fossárvík í Berufirði er óðum að verða þekktur áfangastaður við Hringveginn og hefur ásókn ferðamanna að Nykurhyl og Nykurhylsfossi (Sveinsstekksfossi) í Fossárdal, ásamt nærliggjandi svæðum, aukist til muna síðustu ár. Að baki þeirri fullyrðingu liggja óformlegar vettvangsathuganir auk umferðartalninga Vegagerðarinnar (sjá nánar í kafla 2.5 um samgöngur og umferð ferðamanna). Umferðartalningar og spár Vegagerðarinnar gefa ekki ástæðu til annars en gera megi ráð fyrir áframhaldandi fjölgun gesta í Fossárvík þrátt fyrir að aukning sé ekki jafn hröð og síðustu ár. Umferð um vegi á Austurlandi jókst til að mynda um 6,8% milli ára 2017 og 2018¹ á sama tíma og fjölgun ferðamanna á landinu öllu var 5,5%².

Áhrifa þessarar auknu umferðar er farið að gæta á lággróður og mosa auk þess sem umgengni um svæðið er á tímum mjög slæm. Innviðir ferðapjónustu á svæðinu eru mjög takmarkaðir. Snar brattir gljúfurveggir Fossár geta reynst mjög hættulegir ef farið er ógætilega í nágrenni þeirra. Eyjólfstaðavegur, sem liggur inn í Fossárdal, er gjarnan illfær vegna bílaumferðar við Nykurhylsfoss. Stæði er fyrir þrjá bíla en einnig hafa myndast lítil útskot meðfram veginum og bæði fólkubílar og rútur leggja á veginum ef svo ber undir. Hentislóðar hafa myndast víða í gróðri þar sem ferðamenn vilja nálgast ána og virða fyrir sér fossa og flúðir.

Til að bregðast við þeirri stöðu sem komin er upp hafa landeigendur á Eyjólfstöðum og Eiríksstöðum haft frumkvæði að gerð deiliskipulags sem ætlað er að tryggja öryggi gesta og að skapa þeim, og heimamönnum, umgjörð til ánægjulegrar upplifunar af íslenskri náttúru.

2. Forsendur

2.1. Staðhættir

Náttúrufar og landslag

Fossárdalur er um 20 km langur dalur sem gengur inn úr Fossárvík í Berufirði. Upp af vikinni eru há klettabelti sem nefnast Fossárdalsklif og hylja dalinn fyrir augum þeirra sem leið eiga um hringveginn. Það er ekki fyrr en upp fyrir Klifin er komið sem grösugur dalurinn blasir við. Dalurinn er umkringdur háum og miklum klettabeltum Fossárfells annarsvegar og Suðurfjalla hins vegar. Dalurinn er grösugur og kjarri vaxinn að hluta auk þess sem blómleg skógrækt

¹ <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/mun-minni-aukning-i-umferdinni-2018>

² <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/talningar-ferdamalastofu-i-flugstod-leifs-eirikssonar>

prýðir landslag norðan megin Fossár, utan við Eyjólsstaði. Eftir dalnum rennur Fossá en hún á upptök sín í Líkárvatni og fellur fram dalinn um gljúfur og ása og myndar hátt í 30 fossa á leið sinni til Fossárvíkur. Fossarnir draga margir hverjir nafn sitt af landslaginu sem áin rennur um svo sem Vindássfoss, Vondássfoss, Sundássfoss og Fálkaássfoss. Nykurhylsfoss er neðsti fossinn í langri fossaröðinni og steypist fram af 16 m háu hamrabelti þaðan sem áin kastast um flúðir og hylji þar til á henni hægist í Nykurhyl sem er 9 m djúpur þar sem mest er. Úr Nykurhyl rennur áin áfram til sjávar, undir Hringveginn, út í Berufjörð. Umhverfi árinna einkennist af gljúfrum og klettahömrum sem sumir hverjir hafa slípast til af ágangi árinna í gegnum aldirnar. Landið er rýrt og landslagið stallað með klöppum næst brúnum en gróðri á milli klappanna. Lúpína og birki ásamt fjölbreyttum tegundum blómplantna einkenna grösug svæði meðfram áni. Trjágróðri hefur verið plantað á nokkrum svæðum meðfram áni að norðanverðu og eru þar öflug skjólbelti með fjölbreyttum tegundum s.s. lerki, greni, furu og ösp. Timburbrú lá yfir Miðásgljúfur en leifar hennar voru brotnar niður 1947. Undir henni er lítill skúti sem nefnist Brúarskúti.

Mælingar hafa verið gerðar á vatnsrennsli Fossár frá árinu 1970 (vatnshæðarmælir nr. 148) og sýna tölur glögg tve sveiflukennd og óútreiknanleg áin er³. Meðalrennsli er um það bil 8 m³/sek. en í flóðum fer rennslið reglulega yfir 150 m³/sek. Í mesta rennsli sem mælt hefur, í október 1980, fór vatnsmagnið í 395 m³/sek. eða nær fimmtugfalt meðalrennsli. Áin var fyrst virkjuð árið 1983 og framleiddi sú rafstöð um 14 kW. Rafstöðin var síðan endurbyggð árið 2016. Með aukinni fallhæð um 5 m og öflugri túrbínu skilar rafstöðin nú um 30 kW sem fullnægir allri raforkuþörf í dalnum.

Náttúrufræðistofnun tók saman yfirlit um fuglalíf í Djúpavogshreppi í tengslum við gerð aðalskipulag sveitarfélagsins og er þar greint það frá varpfuglum, helstu fargestum, vetrarfuglum og mikilvægum fuglasvæðum í sveitarfélaginu⁴. Fjörur og grunnsævi í Berufirði eru mikilvægt búsvæði fugla árið um kring og við sjávertjarnir og í votlendi upp af fjörunni eru mikilvæg varplönd. Sandleirur við Fossárvík eru kjörlandi margra vaðfugla og andartegunda⁵. Straumendur eru til að mynda algeng sjón á Fossá á sumrin, alveg frá flæðarmáli og inn Fossárdal upp að Múlafossi.

³ <http://vmkerfi.vedur.is/vatn/index.html>

⁴ <https://djupivogur.is/data/Bliki%2028-vef-01-18.pdf>

⁵ <https://djupivogur.is/Fuglavefur/Fuglaskodunarsvaedi/Berufjordur/>

Búseta

Búið hefur verið í Fossárdal allt frá miðöldum, með hléum þó. Í dag er föst búseta á bæjunum Eiríksstöðum og Eyjólfsstöðum en þeir eru í tæplega þriggja kílómetra fjarlægð frá hringveginum. Í Fossárdal er stundaður sauðfjárbúskapur og skógrækt auk þess sem ferðaþjónusta hefur verið rekin að Eyjólfsstöðum frá árinu 1986. Þar er boðið upp á fjölbreytta gistingu í gamla bænum með snyrti- og eldunaraðstöðu, samtals 19 gistirými. Þar er einnig gott tjaldsvæði og sérstök snyrtiaðstaða fyrir það. Nokkur bílastæði eru við gamla bæinn auk sérstakra húsbílastæða á tjaldsvæði.

Fyrirhugað skipulagssvæði nær einnig, að litlum hluta, til jarðarinnar Lindarbrekku. Þar er stundaður sauðfjárbúskapur auk ferðaþjónustu af ýmsu tagi.

2.2. Skipulagssvæðið



Mynd 1. Skipulagssvæðið sýnt með hvítri brotalínu.

Deiliskipulagssvæðið er staðsett innarlega í Berufirði við Fossárvík (Mynd 1). Það tilheyrir jörðunum Eyjólfsstöðum, Eiríksstöðum og Lindarbrekku og var afmörkun þess unnin í samráði

við alla landeigendur. Skipulagssvæðið er 22,1 hektari að stærð og tekur til nær svæðis Fossár frá Nykurhyl upp að Miðásgljúfri. Mörk svæðisins til norðurs ná frá rörahlíði neðan Sveinstekksbrekku í Fossárvík upp að rörahlíði í Garðssundi í Fossárdalsklifum og fylgja Eyjófsstaðavegi (9669) um 500 metra inn Fossárdal. Til vesturs nær svæðið frá Eyjófsstaðavegi, fylgir skjólbeltum að Fossá og meðfram henni við Miðásgljúfur. Afmörkun til suðurs miðast við hæðalínur í landslaginu en þó aldrei meira en 150 m frá miðlínu Fossár. Austurmörk ná frá farvegi Bálkagilslæks að vegstæði gamla Hringveggar, áfram að túnum í landi Eiríksstaða og meðfram þeim í átt að Fossá, að gömlu brúnni, yfir hana í rörahlíð neðan Sveinstekksbrekku.

2.3. Skipulagsleg staða og gildandi áætlanir


Svæðið sem um ræðir er ekki friðlýst eða á náttúruverndarskrá og tilheyrir ekki náttúruverndaráætlun.

Landsskipulag

Landsskipulagsstefna 2015-2026 felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Skipulag í dreifbýli er eitt fjögurra viðfangsefna stefnunnar og miðar að því að gefa kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum⁶. Fyrirhugað deiliskipulag samræmist markmiðum landsskipulagsstefnu. Náttúruverndarsjónarmið verða höfð í fyrirrúmi við skipulag svæðisins auk þess sem frekari uppbygging styrkir búsetumöguleika á jörðinni sem hefur jákvæð áhrif fyrir samfélagið í heild.

⁶ <http://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/inngangur/>

Aðalskipulag



Mynd 2. Brot úr Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Gróf staðsetning skipulagssvæðis er sýnd með gulum hring.

Deiliskipulagstillagan kallar á breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 þar sem skipulagssvæðið er nú skilgreint sem landbúnaðarland (

Mynd 2). Með breytingunum verður hluti svæðisins skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Í endurskoðuðu aðalskipulagi verður einnig mörkuð stefna er snýr að mannvirkjagerð og frágangi á öllu svæðinu.

Deiliskipulagstillagan samræmist markmiðum aðalskipulags varðandi styrkingu hliðargreina hefðbundins landbúnaðar svo sem með ferðaþjónustu og uppbyggingu verslunar og þjónustu í dreifbýli í tengslum við þá grein (kafli 1.2.3. og 5.3.2.). Aðalskipulagið leggur auk þess áherslu á uppbyggingu gönguleiða í dreifbýli m.a. með kynningu og merkingu á gönguleiðum (kafli 5.13.2).

Skógræktaráætlanir

Skógræktarsamningur hefur verið í gildi á Eyjólfsstöðum frá árinu 1998. Kveður hann á um ræktun á 77 hektara landsvæði. Samningurinn var upphaflega gerður í gegn um verkefnið Nytjaskógrækt á bújörðum sem seinna féll undir Héraðs- og Austurlandsskóga og landshlutaverkefni í skógrækt. Með tilkomu sameiningar landshlutaverkefnanna við Skógrækt ríkisins varð til ný stofnun árið 2016 sem nú hefur yfirumsjón með málaflokknum og ber heitið Skógræktin. Skipulagður hefur verið skógur á 31 hektara svæði á Eyjólfsstöðum en einnig er þar öflug skjólbeltarækt og unnið að uppgræðslu. Helstu tegundir sem plantað hefur verið er

rússalerki og sitkagreni með blöndu af stafafuru og ösp á völdum svæðum. Einkennandi er líka sitkaelri sem dreift hefur úr sér og grætt landið. Er það mat Skógræktarinnar að um sé að ræða hraustlegan skóg sem gefa mun ríkulegar viðarafurðir en er líka góður til útivistar. Framkvæmdir sem tengjast fyrirhuguðu deiliskipulagi munu ekki hafa áhrif á skógræktaráætlanir á Eyjólfstöðum eða rýra þann árangur sem nú þegar hefur náðst.

Cittaslow

Djúpavogshreppur hefur verið aðili að Cittaslow - hreyfingunni frá árinu 2013 og hefur með þátttökunni skuldbundið sig til að vinna að fjölbreyttum viðmiðum. Tilgangurinn er að auka lífsgæði og ánægju fólks með því að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðaáráttu í borgum og bæjum nútímans viðnám og heiðra þess í stað sérstöðu, vitund og sjálfbærni. „Með aðild sinni að Cittaslow - hreyfingunni vill Djúpavogshreppur kappkosta að nýta tækifærin. Hefja náttúru og staðbundna menningu til vegs og virðingar um leið og íbúum og gestum eru skapaðir möguleikar á dvöl í hreinu, öruggu og uppbyggilegu umhverfi þar sem samkennd, samvinna og sanngirni er í heiðri höfð.“⁷

Deiliskipulagið samræmist þeim viðmiðum sem sveitarfélagið hefur sett sér að vinna eftir og snúa meðal annars að umhverfismálum, innviðum samfélagsins, gæðum umhverfisins og gestrisni.

2.4. Menningarminjar

Menningarminjar í Djúpavogshreppi voru skráðar með svæðisskráningu árið 2004⁸. Markmið svæðisskráningar er að „gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu, og að vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa.“ Niðurstöður þeirrar könnunar voru samantekt á fjölmörgum heimildum um byggð og búskaparhætti í Fossárdal sem sumar hverjar rekja búsetu allt aftur til miðalda.

Tvö eyðibýli innarlega í Fossárdal, Engihlíð og Víðines, voru á lista sveitastjórnar (ásamt 34 öðrum svæðum) í Aðalskipulagi 2008-2020 yfir minjastaði sem hreppsnefnd lagði til að yrðu friðlýstir skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Talið var að þessi aflögðu bæjarstaði og menningarminjar í dreifbýli vörpuðu ljósi á fornt búsetumynstur á svæðinu. Munnmælasögur

⁷ <https://djupivogur.is/Djupivogur/Cittaslow/>

⁸ Sædís Gunnarsdóttir, 2004. Menningarminjar í Djúpavogshreppi – Svæðisskráning. <http://fornleif.is/wp-content/uploads/2018/01/FS239-03191-Djupavogshreppur.pdf>

herma að við Engihlíð hafi staðið kirkja og í næsta nágrenni hennar grafreitir dalsins. Víðines byggðist upp árið 1852 eftir að þar höfðu verið beitarhús í langan tíma og var þar þrífli um tíma en fór í eyði 1944⁹.

Minjaskráning í Fossárdal
Fornleifastofnun Íslands framkvæmdi aðal- og deiliskráningu í Fossárdal sumarið 2018¹⁰. Tólf minjar fundust við skráningu innan deiliskipulagsreitsins (Tafla 1). Mest var um fornar leiðir eða götur (alls fimm) en einnig fundust hleðslur, varða og tóftir (smalakofi og stekkur). Leifar af undurstöðum gamallar brúar yfir Miðásgljúfur og Nykurhylur (náttúruminjar) eru einnig nefndar í samantekt yfir minjar á svæðinu. Minjarnar voru allar skráðar í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda að einni undanskilinni sem var skráð í stórhættu vegna trjáræktar. Um er að ræða tóft sem ber nafnið Miðásstekkur (SM-213:034) en búið var að planta trjám í vegg hans og því metið sem svo að honum stafaði meiri hættu af trjárækt en fyrirhuguðum framkvæmdum. Í skýrslunni er bent á þau tækifæri sem falist geta í að nýta gömlu göturnar á svæðinu sem grunn við fyrirhugað göngu- og stígakerfi. Nýta megi þessar upplýsingar „til kynningar á gömlum samgönguminjum og hvernig samgönguleiðir þróuðust og tóku mið af landslaginu í kring.“

Tafla 1. Skráðar minjar innan deiliskipulagsreits

Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SM-213:020	Hestagjót	gata	leið
SM-213:021	Göngugjót	gata	leið
SM-213:032	Sveinsstekkur	heimild	stekkur
SM-213:034	Miðásstekkur	tóft	stekkur
SM-213:046		hleðsla	óþekkt
SM-213:071	Nykurhylur	náttúruminjar	þjóðtrú
SM-213:079		gata	leið
SM-213:084	Gjót	gata	leið
SM-213:086		gata	leið
SM-213:087		varða	óþekkt
SM-213:089		tóft	smalakofi
SM-214:009A		hleðsla	brú

⁹ Aðalskipulag Djúpavogshrepps

¹⁰ Fossárvík í Berufirði. FS717-18141. Lilja Laufey Davíðsdóttir. Fornleifastofnun Íslands. 2018.

2.5. Samgöngur og umferð ferðamanna

Frá nýju vegstæði hringvegjar yfir mynni Fossárvíkur liggur Eyjólfstaðavegur (nr. 9669) inn Fossárdal; fyrst upp bratt klif og svo áfram inn dalinn að íbúðarhúsi á Eyjólfstöðum, um 2,5 km leið.

Undanfarin ár hefur svæðið í Fossárvík, við Nykurhylsfoss og Nykurhyl, þróast frá því að vera falin náttúruperla yfir í fjölfarinn ferðamannastað. Óformlegar vettvangsathuganir sumarið 2016 leiddu í ljós að á bilinu 4-500 gestir heimsóttu svæðið þá daga þegar mest var¹¹. Vegagerðin setti upp umferðateljara við rimlahlið neðan Sveinsstekks sumarið 2017 og gáfu niðurstöður til kynna áætlaða sumardagsumferð¹² upp á 320 bíla. Fæstir bílar yfir daginn á talningartímabilinu voru 239 og flestir 597¹³. Yfir háannatímam er því töluverður fjöldi gesta á svæðinu og gætir áhrifa þess á umhverfið sem og aðgengi inn Fossárdal. Aðeins þrjú malarbílastæði eru uppi á Sveinsstekk, þaðan sem fólk gengur til að skoða Nykurhylsfoss. Ökutækjum er því gjarnan lagt í vegköntum, jafnt smábílum og rútum, og stoppa jafnvel umferð eftir veginum.



Mynd 3. Myndirnar fjórar hér að ofan sýna umferð á svæðinu sem um ræðir og hversu mikla hættu gestir eru tilbúnir til að leggja sig í til að virða fyrir sér Nykurhylsfoss (efst til vinstri).

¹¹ Munnleg heimild: Jón Magnús Eypórsson, viðtal 05.09.2018.

¹² Meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september.

¹³ Munnleg heimild: Jón Magnús Eypórsson, tölvupóstur 18.9.2018.

Sunnan Fossár er gamall slóði frá hringvegi að áningarstað nálægt Nykurhyl þar sem Vegagerðin hefur sett upp kamra og sorptunnu yfir sumartímann síðustu tvö ár. Á svæðinu er einnig nestisborð og bílastæði fyrir um það bil 10 fólksbíla.

Bálgagilslækur rennur úr Bálgagili út í Fossá rétt utan Nykurhyla og getur verið einn helsti farartálmi gesta upp með Fossá sunnan megin. Farvegurinn er síbreytilegur eftir vatnsmagni og lækurinn ber með sér mikið grjót niður á eyrarnar. Leiðin verður með öllu ófær þegar mikið er í læknum og engin leið að komast yfir. Stærstan hluta ársins láta gestir þetta þó ekki hindra för sína áfram upp með ánni og út á háar klettabrúnir við Nykurhylsfoss og Vondássfoss.

Hentislóðar hafa myndast víða og beggja vegna árinna er gróður farinn að láta á sjá. Öryggi gesta er ekki tryggt á þessum slóðum og liggja sumir stíganna í miklum bratta og óstöðugum jarðvegi en aðrir fram á brúnir hárra kletta.

3. Deiliskipulagstillaga

3.1. Markmið og áherslur

Markmið með uppbyggingu ferðamannastaðar í Fossárvík miðar fyrst og fremst að því að tryggja öryggi þeirra fjölmörgu gesta sem svæðið heimsækja. Önnur markmið eru að bæta innviði og aðgengi að svæðinu meðal annars með bílastæðum, útsýnissvæðum yfir Fossá og merktum gönguleiðum. Deiliskipulaginu er ætlað að gera grein fyrir umfangi þessara atriða auk almennra skilmála.

Lagt verður upp með að vanda til við allar framkvæmdir og gæta þess að þær valdi eins litlu raski og frekast er unnt á landslagi og náttúru, tímabundið sem og til frambúðar. Allur frágangur að framkvæmdum loknum skal vera til fyrirmyndar.

3.2. Gögn deiliskipulagsins

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:1.800 dags. 9.5.2019
- Greinagerð ásamt skipulagsskilmálum dagsett Maí 2019

3.3. Minjar

Engar friðlýstar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins samkvæmt fornminjaskráningu¹⁴. Líkt og kveðið er á um í 22.gr. laga um menningarminjar nr.80/2012 tekur deiliskipulagið þó tillit til 15 metra helgunarsvæðis í kringum fornleifar sem ekki eru friðlýstar og er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu eða framkvæmdum sem hætta á röskun þeirra. Um er að ræða tóftir og hleðslur en minjar um brúarstöpla yfir Miðásgljúfur ásamt fornum götum og leiðum voru undanskildar með möguleika á enduruppbyggingu þeirra í samráði við Minjastofnun Íslands.

3.4. Gróður

Innan skipulagssvæðisins er 6 hektara blandaður skógur sem plantað var af landeigendum í kringum 2010. Svæðið er stærra skógræktarsvæði þar sem markmiðið er að koma upp öflugum nytjaskógi sem er líka góður til útivistar. Með skipulaginu er verið að hanna útivistarsvæði fyrir almenning á skógræktarsvæði sem plantað var fyrir um 10 árum. Á þeim tíma var ekki farið var að gera sérstakar ráðstafanir varðandi skógarelda til að tryggja öryggi gesta. Samhliða uppbyggingu á svæðinu munu landeigendur því hafa samráð við Skógræktina

¹⁴ Fossárvík í Berufirði. FS717-18141. Lilja Laufey Davíðsdóttir. Fornleifastofnun Íslands. 2018.

um mögulegar úrbætur sem þarf að gera á skógræktarsvæðinu með skógarelda í huga. Mögulegt er að grisja eða snyrta þurfi stöku tré í tengslum við lagningu gönguslóðar.

Ekki er gert ráð fyrir frekari gróðursetningu eða plöntun á svæðinu í deiliskipulagi. Unnið verður með aðrar tegundir vindbrjóta á áningarstað við Nykurhyl.

3.5. Bílastæði

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur bílastæðum í Fossárvík, sitthvoru megin Fossár. Lögð er áhersla á skýrar tengingar og gott aðgengi gangandi vegfarenda um bílastæðin og frá þeim að útsýnissvæðum, gönguleiðum og þjónustu. Yfirborðsefni bílastæða skal ákveða við frekari útfærslu og hönnun. Hafa skal í huga að hæðarmunur yfirborðsefna verði ekki meiri en 2,5 cm svo uppfylla megi viðmið um algilda hönnun.

Gert er ráð fyrir tólf bílastæðum á Sveinsstekk, þar af einu fyrir hreyfihamlaða, og einu stæði fyrir hópferðarþjónu. Bílastæði á áningarstað við Nykurhyl verða 30 talsins, þar af tvö ætluð hreyfihömluðum, auk tveggja stæða fyrir hópþjónu og nokkur fyrir reiðhjól. Leiðbeinandi lega og hönnun bílastæða má sjá á skipulagsuppdraetti. Tillagan gerir ráð fyrir að bílastæði við Nykurhyl verði byggð upp á grunni núverandi bílplans svo halda megi raski í lágmarki.

Við hönnun bílastæða hreyfihamlaðra var stuðst við leiðbeiningablað Mannvirkjastofnunar við byggingarreglugerð nr.112/2002, dags. 16.10.2017. Eitt stæði á hvoru bílastæði er 4,5x8 m að stærð og það þriðja 2,8x5 m. Öll stæðin eru með 2 m breiðu athafnasvæði samsíða. Einnig er gert ráð fyrir að bílastæði hreyfihamlaðra séu upphækkuð í sömu hæð og gangstétt/stígur umhverfis.

Samsíða báðum bílastæðum verður 2 m breiður gangstígur sem tengist inn á göngustígakerfi svæðisins. Stígurinn verður lýstur upp með lágum staurum.

3.6. Þjónustuaðstaða

Skipulag gerir ráð fyrir 150 m² lóð undir þjónustuhús á áningarstað við Nykurhyl í Fossárvík. Innan reitsins er gert ráð fyrir byggingu á einni hæð með salernum, söluaðstöðu auk aðstöðu til sorpflokkunar. Aðkoma að skálanum verður eftir vegslóða sem fyrir er á svæðinu og tengist Hringvegi í um 300 m fjarlægð. Lóðin er í rúmlega 60 m fjarlægð frá Fossá og samræmist því grein 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð sem kveður á um 50 m fjarlægðarmörk bygginga frá vötnum, sjó og ám.

Aðgengi að og um þjónustuaðstöðu skal hannað á þann hátt að aðgengi verði sem best verður á kosið og skal hafa viðmið algildrar hönnunar í byggingarreglugerð nr. 112/2012 að leiðarljósi.

Leyfileg lágmarksstærð þjónustuskála miðað við nýtingarhlutfall er 15 m² og miðast við þrjú salerni, þar af eitt hannað að þörfum hreyfihamlaðra, auk geymslurýmis. Sömu forsendur gefa að leyfileg hámarksstærð er 90 m² sem gefur rými fyrir 5 salerni auk þjónustuaðstöðu að hámarki 25 m². Salerni verða eingöngu aðgengileg að utanverðu.

Við þjónustuskálann verða bekkir, borð og upplýsingaskilti um svæðið. Skjólveggir munu draga úr vindi á svæðinu.

Byggingin skal falla vel að umhverfi sínu, taka mið af umhverfisvænum lausnum og vera í samræmi við stefnu Djúpavogshrepps og Ferðamálastofu um uppbyggingu ferðamannastaða. Samræma skal lita- og efnisval er kemur að öllu yfirbragði svæðisins.

Almennir byggingarskilmálar

Nýtingarhlutfall þjónustulóðar er minnst 0,1 og mest 0,6 og veitir heimild til að reisa byggingu að lágmarki 15 m² og hámarki 90 m². Byggingarreiturinn er stærri en hámarksbyggingarmagn og gefur það ákveðið svigrúm við staðsetningu og hönnun. Ríflegt nýtingarhlutfall veitir möguleika á að reisa litla byggingu til að byrja með og stækka hana þegar fram líða stundir.

Byggingar og mannvirki skulu taka mið af byggingarreglugerðum og eldvörnum svo kröfum um fyllsta öryggi verði fullnægt.

Vegna byggingar á lóðum vísast til ákvæða þeirra laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulags- og byggingarlaga, byggingarreglugerðar, skipulagsreglugerðar, reglugerða um brunavarnir og brunamál, íslenska staðla og RB-blaða Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins eftir því sem við á.

Umhverfismál

Gert er ráð fyrir þriggja tunnu flokkunarkerfi fyrir sorp við þjónustuskála sem styður meðal annars markmið Cittaslow samtakanna sem Djúpavogshreppur er aðili að.

3.7. Stígar og leiðir

Öryggisráðstafanir

Gljúfur Fossár eru djúp og jarðvegur í bröttum hliðum þess óstöðugur á köflum. Troðningar og hentistígar liggja víða um svæðið, gjarnan á stöðum þar sem aðstæður eru varhugaverðar og hætta getur auðveldlega skapast. Hættulegustu staðirnir eru merktir inn á

skipulagsupprátt. Tekið var tillit til þessara staða í tillögu að legu gönguleiðar sem sýnd er á upprátti og með því móti gerð tilraun til að stýra umferð gesta frá hættulegustu svæðunum. Settur er fram sá fyrirvari að grípa gæti þurft til frekari aðgerða þar sem fallhætta er mikil, með uppsetningu viðeigandi öryggisbúnaðar, ef ekki tekst að beina umferð frá þeim.

Öryggisleiðbeiningar og viðvaranir skulu koma skýrt fram á vegvísunum og skiltum.

Göngustígar

Tvær útfærslur göngustíga eru innan skipulagsreitsins. Annars vegar er um að ræða tveggja metra breiðan göngustíg með föstu yfirborði sem mun liggja frá bílastæði á Sveinsstekk að útsýnissvæði við Nykurhylsfoss og er um 80 m að lengd. Þar sem því verður við komið skal halli stígsins ekki vera meiri en 5%. Hinsvegar er um að ræða mjórri göngustíg, milli Sveinsstekks og áningarstaðar við Nykurhyl. Stígurinn er forsenda þess að mynduð verði um 2 km hringleið um svæðið. Hann kemur til með að liggja um gamla brú yfir Fossá og upp á Sveinsstekk, samhliða veginum. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd á upprátti en frekari hönnun og tæknilega útfærsla þarf að vinna í samráði við þar til bæra aðila.

Leiðir

Gönguleiðir verða beggja vegna Fossár, upp að Miðsásgljúfri, þar sem ný brú mun tengja leiðirnar saman. Ekki verður um uppbyggðan stíga að ræða heldur stíkaðar leiðir sem munu fylgja hæðarlínum landslagsins eftir fremsta megni. Horft verður til niðurstaðna fornminjaskráningar sem benda á að upplagt sé að nýta gamlar leiðir og götur á svæðinu til kynningar á gömlum samgöngumínum og hvernig samgönguleiðir þróuðust og tóku mið af landslaginu í kring.

Leiðbeinandi lega gönguleiðar er sýnd á deiliskipulagsupprátti og tekur hún mið af staðsetningu fornminja, viðkvæmni gróðurs og öryggi gesta. Leiðin verður útfærð nánar á framkvæmdastigi.

Brýr

Göngubrú yfir Miðsásgljúfur verður hönnuð með útlit gömlu brúarinnar til hliðsjónar. Gljúfrið er mjög bratt og í tengslum við hönnun brúarinnar verður einnig gert ráð fyrir öryggisgrindverki sem mun ná 2-3 metra út frá brúarendunum, sitthvoru megin gljúfursins. Hönnun og framkvæmd verður í samræmi við viðeigandi staðla og reglugerðir. Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands varðandi endanlega staðsetningu brúarinnar með tilliti til minja á svæðinu þ.e. eldri brúarstöpla.

Gönguleið milli áningarstaðar við Nykurhyl og útsýnissvæðis við Nykurhylsfoss liggur um brú sem tilheyrir gömlu vegstæði yfir Fossá. Vegurinn hefur verið aflagður og er ekki lengur á vegaskrá. Fossá hafði grafið frá stöplum brúarinnar í vatnaleysingum en með nýlegum framkvæmdum voru undirstöður hennar styrktar og því hægt að nýta hana fyrir gangandi umferð. Aðgengi að og um brúna þarf að vera gott og öruggt, án þess þó að búfenaður komist þar um en landamerki jarðanna Lindarbrekku og Eiríksstaða liggja um hana.

Bálgagilslækur rennur úr Bálgagili og sameinast Fossá rétt neðan við Nykurhyl. Lækurinn getur reynst þónokkur farartálmi, einkum í leysingum. Hann ber með sér töluverðan framburð og grefur sér auðveldlega nýjan farveg í lausum jarðveginum. Deiliskipulag gerir ráð fyrir brú ásamt upphækkuðum göngustíg frá áningarstað að útsýnissvæði við Nykurhyl. Leiðin er um 100 m að lengd og verður yfirborð úr gljúpu efni, til að mynda stálgrindum, svo vatn safnist ekki fyrir og valdi hálfu. Frekari hönnun og útfærsla á stíg og brú fer fram síðar en efnisval byggir á samræmdu útliti svæðisins í heild. Gera þarf ráðstafanir til að tryggja lækurinn haldist að mestu undir brúnni, til að mynda með grjóthleðslum beggja vegna farvegarins.

Vatnsrennsli í Göngugjótulæk, sem fellur í Vondásshyl, og Hestagjótulæk, sem fellur í Nykurhyl, er misjafnt eftir árstímum. Það er helst á vorin sem mikið rennsli er í þeim, en þó aldrei það mikið að hætta skapist af. Vandalaust er fyrir göngumenn sem á annað borð treysta sér að ganga upp með ánni að koma sér yfir lækina án vandkvæða.

3.8. Útsýnissvæði

Gert er ráð fyrir fjórum útsýnissvæðum við Fossá. Leiðbeinandi lega og stærð er sýnd á uppdrætti. Vegna nálægðar þeirra við Fossá verður ítrustu varkárni gætt við allar framkvæmdir og mikil áhersla lögð á að raska umhverfinu sem minnst.

Ekki er gert ráð fyrir nestisaðstöðu eða ruslabiðum á útsýnissvæðum, eingöngu hvíldarbekkjum ásamt fræðslu- og upplýsingaskiltum.

Samræmi verður í efnisvali á öllum útsýnissvæðum. Undirstöður hvíldarbekkja verða hlaðnar með grjóti úr nánasta umhverfi, án þess þó að það skilji eftir sig rask á gróðurþekju og jarðvegsyfirborði. Setflötur úr ómheðhöndluðu lerki. Handrið og pallar verða úr járni með ryðáferð og ómeðhöndluðu lerki.

Nykurhylsfoss

Helsta aðdráttarafli svæðisins er Nykurhylsfoss sem fellur af 15 m háu klettabelti niður í þröngt gljúfur ofan við Nykurhyl. Á meðan vinna við deiliskipulag fór fram var farið í bráðabirgðafrankvæmdir á svæðinu sem ætlað var að stuðla að öryggi gesta. Brattur malarhryggur sem gestir sóttu mikið út á var breikkaður og lárétt plan útbúið þar sem gestir gátu virt fyrir sér fossinn. Handrið var sett upp á planinu meðal annars til þess að reyna að koma í veg fyrir að gestir færu lengra niður á hrygginn og klettana fyrir neðan. Tilgangur þess var einnig að draga úr fallhættu og hindra frekari gróðurskemmdir. Deiliskipulag gerir ráð fyrir nýjum útsýnispalli á sama stað þar sem aðgengi verður bætt og öryggiskröfum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 fullnægt.

Malarefni úr núverandi palli verður nýtt sem grunnur fyrir undirstöður undir nýjan pall. Jaðrar malarpúðans verða aðlagðir landslaginu með það markmið að draga úr neikvæðri ásynnd þess rasks sem nú þegar er orðið, bæði vegna framkvæmda og ágangs ferðamanna.

Við frekari hönnun og útfærslu útsýnispallsins skal leitast við að opna á þær sjónlínur sem gestir eru að sækja í, og í sumum tilvikum hætta lífi sínu fyrir. Þeir finna sig þá síður knúna til að leita út fyrir pallinn. Miðað við staðsetningu núverandi útsýnispalls er svigrúm fyrir nýjan pall að ná lengra út í gilið auk þess sem misháir allar geta gefið fjölbreyttara sjónarhorn á fossinn. Pallurinn verður úr gljúpu efni, til að mynda stálgrindum, svo vatn safnist ekki á yfirborði og geri hann hálann. Ákveða skal stærð pallanna. Stærð pallanna skal ákvarða með viðkvæmni svæðisins í huga en samtals stærð þeirra skal þó ekki fara yfir 60m².

Ofan við útsýnispallinn sjálfan verður lítið dvalarsvæði með útsýnisskífu, fræðsluskiltum og hvíldarbekkjum. Þónokkur hæðarmunur er á dvalarsvæðinu og útsýnispöllum við Nykurhylsfoss en gert er ráð fyrir að svæðin verði tengd saman með uppbyggðum stíg. Hann verður 2,7 metrar á breidd og kemur til með að liggja í hlykkjum svo halli fari ekki yfir 5%. Einnig verður gert ráð fyrir hvíldarpöllum við hverja 12 metra. Handrið verður meðfram stígnum sem og öllum útsýnispallinum. Vegna öryggissjónarmiða verður handriðið alveg lokað og í 1,2 m hæð.

Nykurhylur

Gert er ráð fyrir útsýnispalli, allt að 35m² að stærð, með útsýni yfir Nykurhyl þar sem lögð verður áhersla á gott aðgengi. Pallurinn, ásamt göngustíg frá áningarstað, verða upphækkaðir þar sem vatnsflaumur úr Bálkagili á það til að kvíslast um svæðið í stað þess að halda sig við

einn farveg, sérstaklega í leysingum. Pallurinn og stígurinn verða úr gljúpu efni, til að mynda stálgrindum, svo vatn safnist ekki fyrir á yfirborði og geri hann hálann. Handrið skal vera 0,9 m á hæð.

Miðásgljúfur

Lítill útsýnisstaður verður austan brúar yfir Miðásgljúfur þar sem útsýni er gott inn Fossárdal og yfir Berufjörð á tignarlegan fjallgarðinn handan fjarðarins. Jarðvegur á staðnum er rýr og yfirborð einkennist af lyngmóum og klöppum. Hlaðinn verður hvíldarbekkur og sett upp lítið fræðsluskilti. Útýnisstaðurinn verður ekki uppbyggður til þess að halda raski í lágmarki.

Vondássfoss

Lítill útsýnisstaður verður sunnan við Fossá þar sem útsýni er upp að Vondássfossi og stuðlabergsklettum sem hann umkringja. Undirlendi er grýtt og mosapembur milli steinanna. Hvíldarbekkur verður hlaðinn við gönguslóðann og lagaður að landslaginu. Einnig verður sett upp lítið skilti með heiti fossins. Útýnisstaðurinn verður ekki uppbyggður til þess að halda raski í lágmarki.

3.9. Skilti og merkingar

Við hönnun, uppsetningu og frágang skilta og merkinga skal styðjast við handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum¹⁵, sameiginlega svæðisbundna staðla sem



Mynd 5. Nykurhylur séð frá mögulegum útsýnisstað.



Mynd 4. Horft til austurs frá Miðásgljúfri yfir mögulega staðsetningu útsýnisstaðar.



Mynd 6. Séð upp að Vondássfossi frá mögulegum útsýnisstað. Mynd: Sergei Tonovskiy.

¹⁵ <https://www.ferdamalastofa.is/is/umhverfis-og-gaedi/utgefing-efni-og-leidbeiningarit/handbok-um-merkingar>

byrjað er að innleiða í gegnum verkefnið *Áfangastaðurinn Austurland* auk þess að hafa viðmið algildrar hönnunar í byggingarreglugerð nr. 112/2012 að leiðarljósi.

Gert er ráð fyrir uppsetningu fræðsluskilta sem ætlað er að veita gestum aukinn skilning á umhverfi, sögu og aðstæðum. Skiltin verða meðal annars staðsett við áningarstað við Nykurhyl, við útsýnisstaði hjá Nykurhylsfossi og Miðsásgljúfri. Upplýsinga- og varúðarskilti verða staðsett þar sem þurfa þykir. Til að mynda á gönguleiðum þar sem varað er við fallhættu eða vatnsflóðum.

3.10. Efnisval

Samræma skal lita- og efnisval er kemur að öllu yfirbragði svæðisins og nýta, eins og hægt er, náttúrulegan efnivið. Að öðrum kosti skal horfa til umhverfisáhrifa við öflun efniviðar og reyna að nýta hráefni úr héraði. Leggja skal áherslu á að efnisval samræmist kröfum um algilda hönnun þar sem við á.

Stefnt skal að því að uppbygging og frágangur á svæðinu krefjist lágmarks viðhalds þegar fram líða stundir.

3.11. Veitur

Vatnsveita

Neysluvatn fyrir þjónustuskála verður fengið úr Bálkagilslæk. Framkvæmdin verður unnin í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Rafveita

Rafmagn verður leitt að þjónustusvæði frá rafmagnsstaur sem staðsettur er um 100 m frá skipulagssvæðinu. Fyrirkomulag verður ákveðið í samráði við fagaðila.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að hægt verði að leggja rafmagn frá þjónustuskála upp að efra svæðinu ef aðstæður koma til með að kalla á lýsingu, t.d. vegna öryggissjónarmiða. Það mun einnig veita tækifæri til að lýsa upp Nykurhylsfoss.

Fráveita

Koma þarf fyrir rotþró í tengslum við byggingu þjónustuskála. Hönnun og frágangur koma til með að vera í samræmi við ákvæði reglugerðar umhverfisráðuneytisins nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Staðsetning verður ákveðin í samráði við eftirlitsaðila.


3.12. Verkáfangar

Framkvæmdum deiliskipulagsins má skipta niður eftir áföngum og mun framkvæmdatími ráðast af þeim styrkveitingum sem verkefnunum verður úthlutað á komandi árum. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur úthlutað styrkjum fyrir gerð brúar yfir Miðásgljúfur og til stígagerðar. Þau verkefni bíða staðfestingar deiliskipulags. Tillögu að áfangaskiptingu má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Tillaga að áfangaskiptingu framkvæmda.

1. áfangi	Göngubrú yfir Miðásgljúfur. Stikun gönguleiða til að beina umferð frá hættulegum stöðum og uppsetning minni útsýnisstaða. Bílastæði á Sveinsstekk. Fyrsti áfangi bílastæða við Nykurhyl. Útsýnisstaður við Nykurhylsfoss.
2. áfangi	Bygging þjónustuhúss. Annar áfangi bílastæða við Nykurhyl. Brú og útsýnisstaður við Nykurhyl.
3. áfangi	Hringtenging mynduð með gönguleið milli Sveinsstekks og áningastaðar við Nykurhyl. Þriðji áfangi bílastæða við Nykurhyl.

Sérstök áhersla er lögð á að skipta framkvæmdum við gerð bílastæða við Nykurhyl niður í þrjá áfanga. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 14 stæðum, þar af tveimur fyrir hreyfihamlaða og einu fyrir hópferðabifreiðar. Annað rústæði og fimm bílastæði (sem eru lengri en hefðbundin stæði og ætluð bifreiðum með aftanívagna) bætast við í öðrum áfanga og loks 12 almenn bílastæði í þeim þriðja.



Mynd 7. Tillaga að áfangaskiptingu bílastæða við áningarstað hjá Nykurhyl.

4. Umhverfisáhrif

Deiliskipulagstillagan fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og er ekki talin hafa veruleg áhrif á umhverfið. Samt sem áður verður lögð áhersla á að umhverfisverndarsjónarmiðum verði fylgt í hvívetna við allar framkvæmdir sem tengjast skipulaginu. Gerð verður grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Eitt helsta markmið með uppbyggingu ferðamannastaðar í Fossárvík miðar fyrst og fremst að því að tryggja öryggi þeirra fjölmörgu gesta sem svæðið heimsækja nú þegar. Önnur markmið eru að bæta innviði og aðgengi að svæðinu meðal annars með bílastæðum, útsýnissvæðum yfir Fossá og merktum gönguleiðum sem stuðla að bættari aðstöðu til náttúruskoðunar. Fossar og nánasta umhverfi þeirra njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr.laga um náttúruvernd og er því lögð áhersla á að forðast rask af völdum deiliskipulagsins og framkvæmdum því tengdu eins og kostur er.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir framkvæmdum við bílastæði, göngustíga og útsýnissvæði auk byggingu þjónustuskála með tilheyrandi lagnafrágangi. Á þeim svæðum þar sem fyrirhuguð er uppbygging bílastæða og þjónustuskála er landið að mestu grýtt og gróðursnautt. Stígar munu aftur á móti liggja um gróið land; mólendi og skógrækt. Má því gera ráð fyrir að eitthvað rask verði á grónum svæðum en lögð verður áhersla á að vanda frágang og halda áhrifum framkvæmda í lágmarki. Við deiliskipulagsgerðina var tekið mið af grein 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð sem kveður á um 50 m fjarlægðarmörk bygginga frá vötnum, sjó og ám. Ekki hafa verið seld veiðileyfi í Fossá fram til þessa og stendur það ekki til á næstunni. Komi hins vegar til þess í framtíðinni verður lögð áhersla á sjálfbærar veiðar skv. lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

5. Skipulagsferli

5.1. Samráð og kynning

Tillagan var unnin að frumkvæði landeigenda á Eiríksstöðum og Eyjólfsstöðum í samráði við landeigendur á Lindarbrekku auk Djúpavogshrepps. Skipulagslýsing var kynnt í samræmi við 40. gr skipulagslaga nr. 123/2010, 14. – 28. nóvember 2018. Eftirtaldir aðilar fengu lýsingu til umsagnar:

- Fiskistofa

- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin

Umsagnir bárust frá öllum aðilum og engar athugasemdir gerðar. Ábendingar við lýsinguna voru hafðar til hliðsjónar við gerð deiliskipulagstillögunnar. Engar athugasemdir bárust frá almenningi.

Deiliskipulagstillagan er nú kynnt á vinnslustigi á vef og í afgreiðslu sveitarfélagsins. Gefst þá tækifæri til að koma með ábendingar við tillöguna sem hafðar verða til hliðsjónar við gerð endanlegrar tillögu.

Tillagan var auki send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Fiskistofa
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin

5.2. Tímaáætlun

Hér að neðan má sjá áætlaðar tímasetningar verkefnisins. Ef ekki verða tafir eða breytingar á skipulagsverkefninu er stefnt að staðfestingu deiliskipulagsins í júní/júlí 2019.

Maí '19	Tillaga á vinnslustigi kynnt almenningi og umsagnaraðilum. Unnið úr athugasemdum og gengið frá tillögu í samræmi við lög og reglur.
Júní - júlí '19	Tillaga samþykkt í sveitarstjórn. Lögbundinn auglýsingafrestur (6 vikur).
Júlí '19	Unnið úr innsendum umsögnum og athugasemdum.
Ágúst '19	Afgreiðsla og staðfesting deiliskipulags.